

GJALDSKRÁ **fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Svalbarðsstrandarhreppi**

1. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepss hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á árlegt sorpgjald í sveitarfélaginu skv. gjaldskrá þessari.

2. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

Sorphirða:

Blandaður úrgangur 240 l tunna	13.255 kr.
Blandaður úrgangur 660 l tunna	24.200 kr.
Blandaður úrgangur 1000 l tunna	34.100 kr.
Pappír/plast 240 l tunna	7.832 kr.
Pappír/plast 660 l tunna	13.387 kr.
Pappír/plast 1000 l tunna	17.820 kr.
Lífúrgangur 30 l tunna	9.845 kr.
Lífúrgangur 240 l tunna	30.470 kr.
Tæmingargjald (fast gjald)	14.850 kr.

Rekstur grenndar – og söfnunarstöðva:

Íbúðir og frístundahús	31.970 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur A	91.655 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur B	173.650 kr.
Fyrirtæki og býli flokkur C	372.600 kr.

Sveitarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka eftir stærð fyrirtækis og magni sorps.

Gjald vegna sorphirðu hræðýragáms er sem hér greinir:

Nautgripir	kr. 1077 pr. stk.
Hross	kr. 849 pr. stk.
Sauðfé	kr. 199 pr. stk.
Hænur	kr. 31,6 pr. stk.

3. gr.

Heimilt er sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepss að veita 50% afslátt til elli- og örorkulífeyrisþega frá gjaldskrá fyrir íbúðir þar sem þeir eiga lögheimili.

4. gr.

Gjöld vegna förgunar úrgangs frá fyrirtækjum og stofnunum er skv. gjaldskrá móttökuaðila. Fyrirtæki sem kjósa að nýta sér gáma á vegum sveitarfélagsins skulu greiða sorpgjald skv. gjaldskrá.

Heimilt er að leggja álag á fyrirtækjagjald samkvæmt mati sveitarstjórnar á sorpmagni frá viðkomandi fyrirtæki, þannig að tryggt sé að gjaldið standi undir þjónustunni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra með heimild í 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, nr. 541/2000, sbr. einnig 25. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1736/2023.

Gildistaka

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast gildi 1. janúar 2026.

Samþykkt á 162. fundi sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 28. nóvember 2025.


Þórunn Sif Harðardóttir, Sveitarstjóri

